

2. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2018-2019 haldinn föstudaginn 1. febrúar 2019 kl. 8:10

Mættir voru: Bára Jóhannsdóttir skólastjóri, Krístrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Rós Vilhjálmsdóttir og Karen Björk Guðjónsdóttir fulltrúar kennara, Sigrún Helga Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Hans Liljendal Karlsson og Jóhannes H. Steingrímsson fulltrúar foreldra og Elín Salka Snorradóttir og Hrafnhildur Árnadóttir fulltrúar nemenda.

Dagskrá:

- Skólahúsnæði, skólalóð - viðhald
- Horfur fyrir nýtt fjárhagsár
- Önnur mál

Bára setti fundinn og gekk til dagskrár.

Skólahúsnæðið, skólalóð - viðhald

Bára sagði frá lekavandamáli í tengibyggingu við Regnbogaland og að ekki hafi tekist að koma í veg fyrir lekann. Ástandið er metið þannig að tími sé kominn á þakviðgerðir á öllum skólanum og stendur til að viðgerð hefjist á húsi II í vor að loknu skólastarfi. Nokkur fleiri lekavandamál eru til staðar í skólahúsnæðinu sem þarfnast lagfæringar svo og skemmdir út frá þeim. Þá sagði Bára frá því að það eigi að skipta út ljósum í skólanum sem eru úr sér gengin og verður byrjað í húsi I. Búið er að skipta út gólfdukkum þar sem þurfti.

Fram kom að árlega tekur Heilbrigðiseftirlit út skólahúsnæði og -lóð. Athugasemdir hafa verið fáar og verið brugðist strax við. Eldvarnareftirlitið kemur einnig reglulega og hefur allt verið í góðu lagi hvað það varðar. Bára sagði frá því að skólalóðin væri yfirfarin af starfsfólki á hverjum morgni m.t.t. Öryggis.

Fyrir tveimur árum var gerð athugasemd við að pottur í eldhúsi væri ekki nógu stór og ætlar Bára að ýta á fjármagn til kaupa á nýjum.

Horfur fyrir nýtt fjárhagsár

Endanlegt ársuppgjör er enn ekki komið en staða fjármála lítur ágætlega út. Verið er að skoða hvernig best er hægt að nýta uppgjör frá síðasta ári. Hugmyndir eru um að fjárfesta í tveimur bekkjarsettum af chroombooke fyrir unglingadeildina, endurnýja húsgögn á kaffistofu starfsmanna og skrifstofu o.fl.

Jóhannes nefndi að foreldrafélagið gæti komið að liði við kaup á tækni sem væri lögð áhersla á s.s. snertiskjái eða annað.

Önnur mál

Jóhannes sagði frá að á fundi foreldrafélagsins hefði verið rætt hvort hægt væri að gera húsnæðið meira aðlaðandi og hvetjandi með því t.d. að tengja það við sérstöðu skólans eða eitthvert þema. Foreldrafélagið gæti veitt verkefninu liðsinni. Ræddar voru ýmsar hugmyndir að þema t.d. tónlist, raungreinar, nýsköpun, skák og tækni. Rifjað var upp að á síðasta skólaári hefði staðið til að setja upp bása fyrir utan skólasafnið með aðstoð foreldrafélagsins. Viðrað var að mögulega væri hægt að koma á keppni meðal nemenda um hugmynd um hvernig hægt væri að gera húsnæðið meira spennandi.

Bára rifjaði upp nýju skólareglurnar sem kynntar voru í skólaráði 30. nóvember 2018. Að loknum samráðsdegi 5. febrúar hefst ný önn með nýjum skólasóknarreglum. Foreldrar/forráðamenn fá þær sendar í pósti í dag.

Á næsta skólaráðsfundi er ráðgert að nemendaráðið verði með.

Jóhannes spurði hvort við vissum til þess að börnin væru að „teiga“ núna eftir að snjórinn kom. Starfsmenn skóla kannast ekki við það og upplýst var um að brugðist hafi verið við grýlukertum við skólann og þau fjarlægð.

Fundi slitið kl. 9:16

Kristrún Guðjónsdóttir